



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

18. október 2012

Niðurstaða athugunar á verklagi Straums fjárfestingabanka hf. er varðar flokkun viðskiptavina m.t.t. fjárfestaverndar.

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi athugun er varðaði flokkun viðskiptavina og verklag Straums fjárfestingabanka hf. (hér eftir Straumur eða bankinn) því tengt, í samræmi við 8. og 9 gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998 sbr. ákvæði laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.) og reglugerð 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja.

Athuginin fór fram með vettvangsheimsókn og gagnaöflun á starfsstöð bankans þann 14. desember 2011. Straumi var gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum við drög að niðurstöðum athugunarinnar. Endanleg niðurstaða Fjármálaeftirlitsins ásamt kröfu um úrbætur innan tiltekinna tímamarka var síðan send Straumi 7. september 2012 og hafði þar verið tekið tillit til sjónarmiða bankans eftir því sem efni þóttu standa til. Þá var farið fram á að Straumur fæli innri endurskoðanda að yfirfara úrbætur að fresti loknum og skila Fjármálaeftirlitinu greinargerð þar að lútandi.

Í samræmi við 9. gr. a. laga nr. 87/1998 birtir Fjármálaeftirlitið hér með opinberlega niðurstöðu nefndrar athugunar. Niðurstaðan byggir á þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var við athuginina og er takmörkuð við þau atriði sem Fjármálaeftirlitið taldi ástæðu til að gera athugasemdir við.

Fjármálaeftirlitið taldi verklag bankans við flokkun viðskiptamanna almennt í samræmi við ákvæði laga en niðurstöður athugunarinnar gáfu hins vegar tilefni til nokkurra athugasemda.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að Straumur flokkaði viðskiptavini sína sem fagfjárfesta án þess að tryggt væri að þeir uppfylltu skilyrði samkvæmt 1. mgr. 24. gr. vvl. Þess var krafist að bætt yrði úr þessu þegar í stað.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að Straumur uppfærði viðskiptavini sína frá því að teljast til almennra fjárfesta yfir í fagfjárfesta án þess að styðjast við fullnægjandi gögn. Fjármálaeftirlitið krafðist þess að Straumur tryggði þegar í stað að flokkun viðskiptavina færi ekki fram nema fyrirliggjandi væru fullnægjandi og viðeigandi gögn til staðfestingar því að lögbundin skilyrði væru uppfyllt.

Með tilliti til ólíkrar stöðu Straums fjárfestingabanka hf. og viðskiptavinar mælti Fjármálaeftirlitið með því að bankinn hljóðritaði öll símtöl og að viðskiptavinur gæti óskað eftir að nota símtöl sem sönnun fyrir inntaki fyrirmæla sinna.

Fjármálaeftirlitið mun birta gagnsæistilkynningu á heimasíðu sinni þegar skýrsla innri endurskoðanda Straums um þær úrbætur sem bankinn hefur gert liggur fyrir.